

Til iðnaðarnefndar Alþingis

Austurvallahópurinn þakkar traustið að fá að skila umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Austurvallarhópurinn styður eindregið þessa tillögu, og fagnar henni jafnframt. Því til stuðnings er rétt að nefna eftirtalin atriði:

1. Kárahnjúkavirkjun var ekki til umræðu í síðustu kosningum.
2. Framkvæmdir voru hafnar í haust án þess þær færu fyrir Alþingi.
3. Skipulagsstofnun úrskurðaði Kárahnjúkavirkjun í óhag.
4. Ótal stórfyrirtæki hafa gengið úr skaftinu, m.a. vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa, t.d. Norsk-Hydro, Skanska, Veidekke, og jafnvel fleiri.
5. Mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun hafa verið áberandi, í greinaskrifum, hungurverkfalli, mótmælafundum, götumótmælum, kvikmyndum, listviðburðum, undirskriftasöfnunum og fyrir dómstólum. Við nefnum sérstaklega mótmæli þeirra austfirðinga sem eru á móti virkjuninni. Á blaðamannafundi 14. febrúar s.l. flutti Þorsteinn Bergsson frá Unaósi, stjórnarmaður í Félagi um verndun hálendis austurlands harðorða ályktun gegn framkvæmdinni. Þar var engu líkara en landið sjálft talaði.
6. Mótmæli hafa borist erlendis frá í stríðum straumi, bæði frá Náttúruverndarsamtökum, almenningi og þekktu fólki.
7. Kárahnjúkavirkjun er oft kölluð "stærsta framkvæmd Íslandssögunnar". Ef eitthvað er kallað "stærsta eitthvað Íslandssögunnar" ætti það samkvæmt orðanna hljóðan að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Framkvæmdin snýst hvorki um steypumagn né atvinnu 300 manna, heldur speglar eðli málsins samkvæmt daginn í dag, í gær og á morgun; hver við erum og hvernig við viljum lífa í landinu. Við viljum að þeim grundvallarspurningum sé svarað áður en ráðist er í slíka framkvæmd.
8. Austurvallarhópurinn vill að hlutirnir séu settir í samhengi. Kárahnjúkavirkjun er hluti af stóriðju. Ástæða fyrir því að verið er að hleypa stóriðju í landið í stórum stíl er að hefðbundar atvinnugreinar einsog sjávarútvegur og landbúnaður eru að hrynja.

Sjávarútvegur, vegna rányrkju og kvótakerfisins, og landbúnaður vegna þess að hann er í fjötrum byggðastefnu og annars óskipulags. Við viljum að hlúð sé að þessum mikilvægu atvinnugreinum og þeim komið í nútímalegt horf. Auk þess hentar stóriðja ekki á Íslandi, og vitnum við til Guðmundar Páls Ólafssonar, náttúrufræðings sem er manna fróðastur um hálendið sem segir stóriðju hættulega íslenskri náttúru.

Það er eitthvað mikið að hjá þjóð sem á annan eins fisk og annað eins lambakjöt en þarf að opna dyr fyrir stóriðju. Ísland á á hættu að missa sérstöðu sína.

9. Kárahnjúkavirkjun eyðileggur ósnortið svæði, og stærstu gljúfur á Íslandi, ómetanlega sethjalla sem segja sögu jarðfræðinnar, klipið er af friðlýstu svæði, Kringilsárrana, 60 fossar fara undir vatn, náttúruperlan Húsey leggst í eyði. Ómetanlegu landssvæði á Vestur-ræfum verður sökkt undir vatn með tilheyrandi uppblásturshættu og sandfoki yfir byggðir á Héraði. Aurburður í Lagarfljót stórspillir ströndinni við Héraðsflóa, og þá eru ófyrirsjáanlegar afleiðingar þess að flytja Jökulsá á Dal í Lagarfljót.

10. Neikvæð félagsleg áhrif fyrir austan. Með tilkomu álvers og þessarar framkvæmdar verður til karlmannasamfélag, svokallað gullgrafaraborp sem raskar öllu jafnvægi. Austurvallarhópurinn vill að skoðað verði frekar áhrif þess að reisa jarðvísindaháskóla í tengslum við þjóðgarð, og að kvótamál fyrir austan verði skoðuð. Þá hafa margir austfirðingar lýst áhyggjum sínum að framkvæmdin muni eyðileggja möguleika á ferðamannaíðnaði.

11. Vitna má til þeirra ótal mörgu vísindamanna sem hafa varað við þessari framkvæmd, Guðmundur Sigvaldason, prófessor, doktor Þóra Ellen, Hilmar Malmquist, vatnalíffræðingur, Ólafur S. Andrésson, líffræðingur, Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur. Þessi nöfn eru brot af þeim mikla fjölda. Bendir Austurvallarhópurinn á Hálendisblaðið og Náttúruverndarsamtök Íslands í framhaldi af því.

12. Hagfræðingar einsog Þorsteinn Siglaugsson, Sigurður Jóhannesson og margir aðrir, hafa dæmt Kárahnjúkavirkjun úr leik sem reikningsdæmi sem gengur ekki upp.

13. Fyrirtæki sem eiga hlut að máli, einsog Alcoa og Impregilo, hafa ekki hreinan skjöld að öllu leyti, bæði í mengunarmálum, og eins hvað snertir siðferði. Austurvallarhópurinn leyfir sér að senda með þessari umsögn, tvær greinar um það.

14. Í mörgum lýðræðisríkjum þykir þjóðaratkvæðagreiðsla sjálfsagt mál, bæði í Bandaríkjunum þar sem leitað álitis kjósenda í málum, í

kringum kosningar, stórum og smáum, og eins í Sviss.
Austurvallarhópurinn mundi fyrir sitt leyti bæta við spurningu á kjörseðilinn sem væri á þessa leið: Viltu að hálendið verði gert að þjóðgarði?

15. Umræða um Kárahnjúkavirkjun er mikil í þjóðfélaginu og þótt það vegi kannski ekki þungt á borðum Alþingis, getum við fullvissað hæstvirta þingmenn um það að allstaðar í þjóðfélaginu er verið að tala um þessi mál, í stórmörkuðum, sundstöðum, vinnustöðum. Þrátt fyrir takmarkaðan þátt almennings í stjórnámum nema þegar kemur að kosningum, heyrir undirrituð það æ ofan æ, og frá ótrúlegasta fólki, hvort sem það með eða móti, að þjóðaratkvæðagreiðsla ætti að vera sjálfsögð.

16. Kárahnjúkavirkjun kemur í veg fyrir að hægt yrði að búa til þjóðgarð úr öllu hálendinu. Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum samræmist það ekki að virkjun sé innan þjóðgarðs. Þjóðgarður og hálendið í allri sinni ósnortnu dýrð er einfaldlega auðlind, bæði þegar kemur að ferðmannaiðnaði, vísindalegum rannsóknum og sjálfsmynd Íslendinga en hluti af sjálfsmynd okkar er að eiga eitthvað villt og óhamið. Sjálfmyndina má ekki brjóta.

Þjóðin barðist fyrir sjálfstæði á sinum tíma og stofnun lýðveldis, vegna þess að virðingu hennar var misboðið. Með því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun væri þjóðinni sýnd virðing, hver sem úrslitin kynnu að verða. Það er aðkallandi að sýna íslenskri þjóð og landinu hennar þá virðingu. Við minnum á að virðing er undirstaða alls í mannlegu samfélagi. Alþingismenn eru þjóðkjörnir fulltrúar og hljóta að ganga á undan með góðu fordæmi þegar kemur að því að nota leikreglur lýðveldisins. Með þjóðaratkvæðagreiðslu gæfist stjórnvöldum kostur á því að leiðrétta ýmis ólýðræðisleg vinnubrögð sem því miður hafa viðgengist og bendum við sérstaklega á lið eitt. Að lokum vill Austurvallarhópurinn ítreka það sem kemur fram í tillögu Vinstri Grænna að báðir aðilar hafi tíma og fjármagn til að kynna sitt mál ef til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur.

Með bestu kveðjum, f.h. Austurvallarhópsins

Elísabet Kristín Jökulsdóttir

Meðfylgjandi gögn:

Grein um Impregilo eftir ítalskan nema við Háskóla Íslands

Bréf vegna Alcoa (Bendum líka á grein í Hálendisblaðinu)

Skrif umhverfisráðherra á heimasíðu um ferðamannaíðnað en af orðum hennar má vera klárt að hann er í hættu vegna stóriðju.